




20. mars 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar

Meðfylgjandi er umsögn undirritaðs um þingsályktunartillögu allsherjar- og menntamálanefndar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál. Umsögnin er í meginráttum samhljóða umsögnum um þingsályktunartillögu sama efnis sem lögð var fram á 139. löggjafarþingi, 534. mál, á 143. löggjafarþingi, 37. mál, sem og á 144. löggjafarþingi, 78. mál. Lögð er áhersla á mikilvægi samstarfs björgunaraðila til heilla fyrir landsmenn, enda hafa mýmörg dæmi sýnt fram á ótvíræða kosti þess samstarfs, sem eðlilegra væri að efla en að draga úr.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og
framkvæmdastjóri Almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins

Umsögn
um tillögu til þingsályktunar um
flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar,
146. löggjafarþing 2016–2017, þingskjal 194 — 135. mál.

Umsagnaraðili
Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og
framkvæmdastjóri Almannafræðingafundar höfuðborgarsvæðisins,
dagsett 5. desember 2014.

Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð – skrifstofur og stjórnstöð LHG

Umsagnaraðili telur að staðsetning daglegrar starfsemi björgunaraðila, þar á meðal Landhelgisgæslu Íslands (LHG), í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð hafi margsannað sig og að það væri stórt skref afturábak að flytja einhvern aðila þaðan, ekki síst stóran aðila eins og LHG. Mikilvægt er að stjórnstöð LHG sé í nánnum tengslum við stjórnstöðvar annarra björgunaraðila og væri nær að horfa til frekara samstarfs og jafnvel sameiningar þeirra, fremur en að flytja einhverja þeirra úr miðstöðinni.

Einnig er vert að horfa til 12. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 en þar er m.a. fjallað um að í samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna, sem er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð, fari fram samhæfing og yfirstjórn almannavarna aðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti eða viðbragða við hættuástandi **þó ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi**, sbr. 13. gr. sömu laga.

Áður en Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð varð að veruleika voru viðbragðsaðilar með starfsemi sína á mörgum stöðum og margar stjórnstöðvar voru í gangi í björgunaraðgerðum. Eftir aðgerðir var eitt helsta umfjöllunarefnið að auka þyrfti samstarf viðbragðsaðila og fækka stjórnstöðvunum. Með það að leiðarljósi hófst uppbyggingin í Skógarhlíð með það markmið að auka samstarf, sameina og fækka stjórnstöðvum og tryggja mönnun þeirra frá upphafi aðgerða. Almannafræðingafundir komu m.a. að undirbúningnum og lögðu mikla áherslu á að setja upp sameiginlega aðgerðamiðstöð í húsinu, samhæfingar- og stjórnstöð (SST), með góð tengsl við daglegar stöðvar, s.s. Neyðarlínu og fjarskiptamiðstöð lögreglu. Landhelgisgæslan (LHG) var síðasti björgunaraðilinn til að koma að björgunarmiðstöðinni. Frá fyrsta degi miðstöðvarinnar var ljós sá styrkur sem fólst í því að hafa björgunaraðilana undir sama þaki og um leið ljóst að LHG yrði mikilvæg viðbót sem styrkja myndi björgunarmiðstöðina til muna, enda einn stærsti samstarfsaðilinn á sviði björgunarmála á Íslandi. Því varð niðurstaðan sú að LHG kom einnig inn í miðstöðina með skrifstofur sínar og stjórnstöð.

Björgunarmiðstöðin hefur margoft sannað gildi sitt. Dagleg nálægð viðbragðsaðila hefur aukið samstarf, skilning og traust á milli aðila. Við minni, en oft lífsbjargandi, aðgerðir þar sem margir björgunaraðilar þurfa að koma að hafa fljót og örugg samskipti tryggt rétt viðbrögð og fyrirbyggt misskiling. Styrkur miðstöðvarinnar hefur ekki síður sýnt sig við stærri, langar og mannaflsfrekar aðgerðir, s.s. við eldgosid í Eyjafjallajökli. Fyrstu viðbrögð eru samræmd með aðkomu helstu viðbragðsaðila frá fyrstu mínútum. Aflið í miðstöðinni, með öllu því starfsfólki sem þar er við dagleg störf, er nýtt til ýmissa starfa

þegar frá upphafi. Vegna staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu er stutt í aðra sem koma að aðgerðum eða upplýsingaöflun vegna þeirra, s.s. Vegagerðina, flugmálayfirvöld, Veðurstofu Íslands o.s.frv. Jafnframt hefur nálægð við stjórnsýsluna og yfirstjórn landsins skipt sköpum í þessu sambandi.

Umsagnaraðili leggur áherslu á að þeirri mikilvægu starfsemi sem komið hefur verið upp í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð verði ekki raskað. Eðlilegt er að umsagnar sé leitað hjá öðrum aðilum sem að björgunarmiðstöðinni og SST koma, þar sem málið snertir alla aðila í miðstöðinni sem starfa að leitar-, björgunar- og almannavarnamálum landsmanna.

Þyrlu- og flugstarfsemi LHG

Umsagnaraðili telur það kost að þyrlu- og flugstarfsemi LHG sé á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við stærstu sjúkrahúsin og viðbragðsaðila, svo sem við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Við stærri atburði þarf oft að flytja björgunaraðila á vettvang, t.d. við hópslys, eiturefnaslys, slökkvistarf á sjó o.fl. Einnig telur umsagnaraðili að tækifæri séu til aukins samstarf sem m.a. geti leitt af sér hagræðingu, s.s. með nýtingu á bráðataeknum SHS til þyrluútkalla. Þessi samvinna er sérstaklega mikilvæg m.t.t. aukinna skipaferða kringum landið, t.d. með tilkomu nýrra skipaleiða.

Skipastarfssemi LHG

Samstarfsfletir við skipastarfssemi LHG hafa verið fáir og ekki þannig að staðsetning þeirrar starfssemi hafi skipt sköpum. Því hefur umsagnaraðili ekki skoðun á staðsetningu þeirrar starfsemi.